




## Umsögn

**Efni:** Beiðni Strætó bs. um yfirdráttarheimild  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Í erindi Strætó bs., dags 2. mars, er þess farið á leit að eigendur samþykki að félaginu sé heimilt að sækja um yfirdráttarheimild að fjárhæð 300 m.kr. Markmið heimildarinnar er að tryggja fjárstreymi félagsins út árið 2021. Með erindinu fylgir fjármálagreining KPMG þar sem stöðu Strætó er lýst.

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft mikil áhrif á tekjur Strætó. Í rekstraráætlun félagsins, sem höfð var til hliðsjónar í fjármálagreiningu KPMG, er gert ráð fyrir að farþegatekjur lækki töluvert árið 2020 og 2021 en nái fyrri styrk árið 2022. Myndin til hliðar sýnir samanburð á áætluðum farþegatekjum í upphaflegri áætlun félagsins fyrir árið 2020 og svo uppfærðri áætlun. Eins og sést á myndinni þá er gert ráð fyrir að samanlagðar farþegatekjur árið 2020 og 2021 verði 1.354 m.kr. undir upphaflegri áætlun.



Tekjufallið hefur veruleg áhrif á sjóðstreymi félagsins og að öðru óbreyttu verður handbært fé félagsins uppuríð á árinu 2021. Til að mæta þessari stöðu hefur félagið óskað eftir heimild til að sækja um 300 m.kr. yfirdrátt. Í rekstraráætlun félagsins er gert ráð fyrir að nýta þurfi 200 m.kr. af lánalínunni um mitt ár 2021 og í árslok nemi ádrátturinn um 150 m.kr. Árið 2022 er gert ráð fyrir að sjóðstreymi félagsins vænkist og ef fjárfestingum verður slegið á frest þá má gera ráð fyrir að félagið þurfi ekki að nýta lánalínuna frá og með árslokum 2022. Helsta óvissa í áætlunum félagsins snýr að þróun fargjaldtekna á árinu 2022. Reynist tekjurnar 80% af áætlun mun félagið þurfa að fullnýta lánalínuna árið 2022.

## Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið rýningu á rekstri Strætó og leggur til að félaginu verði veitt heimild til að sækja um yfirdrátt þar sem um tímabundið tekjufall er að ræða. Í þessu ljósi er mikilvægt að fylgjast með þróun tekna næstu mánaða og grípa til aðgerða reynist tekjurnar lægri en gert er ráð fyrir. Þá hefur félagið hefur óskað eftir sérstöku framlagi frá ríkinu til að mæta tekjufallinu. Mikilvægt er að slíkur stuðningur fái enda hefur félagið nýtt það rými sem það hafði til fjárfestinga til að mæta tekjufallinu. Með því að fresta fjárfestingum eykst fjárfestingaþörf félagsins ennfrekar og

komi ekki til stuðningur frá ríkinu er mikilvægt að skoða sérstaklega hvernig þessari þörf verði mætt. Tryggja þarf að fjármögnun á þessum fjárfestingum verði þannig háttað að rekstur félagsins geti staðið undir auknum fjármagnskostnaði. Í greiningu KPMG er bent á að það geti falist tækifæri í aukinni útvistun og þannig megi komast hjá verulegri fjárbindingu.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*